Nd. **633. Frumvarp til laga** [203. mál]

um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed., 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 494 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Hlutverk tryggingardeildar er að taka að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánum, sem þeir veita eða útvega erlendum kaupendum.

Enn fremur er tryggingardeild heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenzkra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenzkum vörum.

Þegar sérstaklega stendur á, er tryggingardeild einnig heimilt að tryggja samkeppnislán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, sem framleidd eru innanlands.